

# Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar  
Frá: Birgir Gunnarsson  
Dags. 26. febrúar 2021  
Mnr. 2021020132



ÍSAFJARÐARBÆR

## Ofanflóðavarnir Flateyri

Þann 25. febrúar 2021 var haldinn kynningarfundur fyrir bæjarfulltrúa, fulltrúa í hverfisráði Öfundarfjarðar, verkefnastjóra á Flateyri og þá starfsmenn Ísafjarðarbæjar sem koma að málum um ofanflóðavarnir á Flateyri.

Kristín Martha Hákonardóttir, verkfræðingur hjá Verkís yfirför þær tillögur sem taldar eru bestar m.a. út frá öryggissjónarmiðum, kostnaði og umhverfissjónarmiðum, til varna ofanflóðum á Flateyri. Með henni á fundi var Hafsteinn Pálsson hjá Ofanflóðasjóði.

Fjórir kostir eru lagðir til:

- 1) Styrking 2-3 efstu húsa gagnvart yfirflæði iðufalds (kr. 10-15m)
- 2) Prófun snjóflóðagrinda uppi á Eyrarfjalli til ca. 3 ára (tvær 100-150 m langar) (kr. 150m)
- 3) Víkkun skeringarrása við Innra-Bæjargilsgarð (kr. 150-180m)
- 4) Jarðvegsrannsóknir á uppfyllingu á hafnarsvæði, með það í huga að setja upp leiðgarð þar til varnar hafnarsvæði (greitt að fullu af Ofanflóðasjóði)

Mögulegt er að hefja vinnu við alla ofangreinda kosti við fyrsta tækifæri, og vonandi ljúka þeim flestum fyrir árslok. Kostnaður deilist ríki/sveitarfélag með 90/10 reglu, en Ofanflóðasjóður greiðir fyrir allar framkvæmdir og innheimtir svo af sveitarfélaginu 10% af kostnaði, eftir að verk er fullunnið. Samkvæmt grófri áætlun frá Verkís er kostnaður vegna liða nr. 1-3 sem greitt er af sveitarfélaginu að hámarki 34,5m króna. Ekki er þörf fyrir að gera viðauka á þessu stigi þar sem óljóst er hver kostnaður verður að endingu og hvenær hann mun innheimtur hjá sveitarfélaginu.

Bæjarstjóri leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að hafin verði vinna við alla ofangreinda fjóra kosti vegna ofanflóðavarna á Flateyri.